

1865.

30. ágúst.

þetta, hefir hún hlutast til um, að dómsmálastjórninni hefir verið borgað það, og beðið oss um að senda yður það, herra amtmaður.

Vér sendum yður því með bræfi þessu ávísunarbréf frá verzlunarhúsinu Örum og Wulff uppá C. Grönvold, verzlunarfulltrúa þeirra á Vopnafirði, og er það 65 rd. 9½ sk. að upphæð; eruð þér beðnir að koma því á framfæri, og senda oss skýrteini fyrir, að þér hafið fengið það.

30. ágúst.

63. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um útleggingu á „Anabasis“ Xenófons.

Með bræfi dagsettu 24. aprílmán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, sent hingað álitskjal frá Bjarna Jónssyni, skólameistara, útaf bænarskrá, er stjórnarráðinu hafði borizt frá Halldóri Friðrikssyni, kennara við latínuskólann í Reykjavík, um að prenta megi útleggingu á „Anabasis“ Xenófons, er hann hefir samið, á kostnað skólasjóðsins, í þrem deildum aptan við skólaskýrsluna, er gefin er út á ári hverju, og að honum og Gísla Magnússyni, skólakennara, er farið hefir yfir útleggingu þessa og lagað hana, sè veitt hæfileg þóknun fyrir þenna starfa þeirra.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörið það, að stjórnarráðið leyfir, að útlekking þessi verði prentuð á kostnað skólasjóðsins á þann hátt, sem sókt er um, og skal því við bætt, að þegar prentunin er búin mun nákvæmlegar verða íhugað, hvort veitt verði borgun fyrir að semja útlekkinguna.